

7.1.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2018, 722/2018, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Umferðaleiðir

Í grein 7.1.3 í byggingarreglugerð segir:

„Um gönguleiðir og frágang þeirra og um skábrautir, tröppur og stiga gilda ákvæði 6. hluta þessarar reglugerðar.


Lýsing umferðarleiða útisvæða skal henta þeirri umferð sem þar er gert ráð fyrir. Huga skal sérstaklega að merkingum fyrir blinda og sjónskerta og einnig skal lögð sérstök áhersla á að lýsing henti þörfum hreyfihamlaðra.

Á útisvæðum sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar skal koma fyrir bekkjum með u.þ.b. 150 m millibili meðfram gönguleiðum.


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

## Leiðbeiningar

- 1 2. mgr. 6.11.1 gr.: Sjá nánar leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) nr.: 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingum, 6.2.4 Gönguleið að byggingum og 6.6.1. Almennar kröfur (skilti o.fl.).
- 2 3. mgr. 6.11.1 gr.: Hafa skal í huga þar sem settir eru upp bekkir að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir hjólastóla og að bekkirnir greini sig vel í lit frá umhverfinu. Sjá mynd 1 og 2.




Mynd 1. Dæmi um fyrirkomulag bekkjar



Mynd 2. Mynd af Bekkjum með svæði fyrir hjólastóla/ barnavagna/ göngugrindur

- 3** Á mynd 3 eru dæmi um góð mál á bekk, sæti í um það bil 0,45 m hæð og dýpt þess 0,45 m. Sætisarmar eru 0,2 m hærri en sætið og eru þannig að gott grip sé um þá. Vinkill milli sætis og baks er um það bil  $100^\circ$ .

Ruslandur er við hlið bekkjarins þeim megin sem ekki er gert ráð fyrir svæði fyrir hjólastól.



Mynd 3. Bekkur með málsetningum. Öll mál í mm

**Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:**

| Útgáfa | Lýsing á breytingu:                        | Dags.      |
|--------|--|------------|
| 1.0    | Á ekki við                                 | 12.10.2012 |
| 1.1    | Bætt við tilvísunum                        | 25.02.2013 |
| 2.0    | 2. breyting byggingarreglugerðar.          | 5.7.2013   |
| 2.1    | Letur stækkað og tilvísanir fjarlægðar     | 27.6.2018  |
| 2.2    | Tilvísanir fjarlægðar                      | 14.8.2019  |
| 2.3    | Tilvísanir fjarlægðar                      | 15.11.2019 |
| 2.4    | MVS breytt í HMS                           | 6.2.2020   |
| 2.5    | Yfirlit yfir breytingar og texti lagfærður | 22.12.2020 |